

Nd.

114. Frumvarp til laga

[111. mál]

um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Halldór Blöndal.

1. gr.

Orðin „sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni“ í 11. lið 6. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi er lagt til að öll blöð og tímarit verði undanþegin söluskatti.

Á undanförmum árum hefur gætt mikils misræmis vegna söluskattsálagningar á blöð og tímarit. Í lögum er sagt að blöð og tímarit, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni, skuli undanþegin söluskatti. Fjármálaráðuneytið hefur síðan túlkað þennan lagabókstaf. Ljóst er að ráðuneytið hefur iðulega verið sett í mikinn vanda, enda oft alls kostar óljóst hvenær blöð og tímarit eru gefin út í ágóðaskyni og hvenær ekki.

Af sjálfu leiðir að oft hefur gætt misræmis. Það hefur orkað verulegs tvímælis, hvers vegna þetta blaðið eða tímaritið greiði söluskatt, en hitt blaðið eða tímaritið ekki.

Með lögunum, eins og þau hafa verið, er fjármálaráðuneytinu fengið óeðlilegt vald og efnt til ástæðulausrar og oft réttmætrar óánægju.

Það orkar ævinlega tvímælis hvort og þá með hverjum hætti skuli veita undanþágur frá söluskatti. Í raun er hins vegar sú regla, að prentað mál skuli undanþegið slíkum skatti, enda má leiða að því rök að þar sé stuðst við prentfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Hins vegar hafa nokkur blöð og tímarit verið látin greiða söluskatt. Sýnist það óréttmætt með öllu og því einfaldast að aflétta söluskatti af öllu prentuðu máli.